

Stofnanasamningur Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns við SFR – stéttarfélag í almannajónustu

1. Gildissvið

Stofnanasamningur þessi tekur til starfsmanna Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns sem eru í SFR – stéttarfélagi í almannajónustu. Samningurinn er gerður samkvæmt ákvæðum gildandi kjarasamninga SFR við fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og er hluti kjarasamnings eins og hann er hverju sinni.

2. Markmið

Samningsaðilar eru sammála um eftirfarandi markmið:

- Að launakerfið sé gegnsætt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti
- Að Landsbókasafn skapi hvetjandi starfsumhverfi þar sem starfsfólk fær tækifæri til starfsþróunar og fái þannig framgang í launum
- Að launaákvæðanir séu teknar með jafnréttisáætlun Landsbókasafns að leiðarljósi

3. Röðun starfa í launaflokka

Á Landsbókasafni er unnið eftir starfsmatskerfinu SKREFI og allt starfsfólk fellur þar undir.

3.1. Starfs-, hæfnis- og ársmat

Starfsmat er hlutlægt mat á starfi og þeim kröfum sem gerðar eru til að sinna starfinu og er starfið metið til stiga. Starfsmat fer fram samkvæmt starfsmatskerfinu SKREFI og er samþykkt starfslýsing forsenda starfsmatsins.

Starfslýsingar eru gerðar fyrir hvert starf í safninu og skulu endurskoðaðar árlega í starfsmannasamtölum. Hafi umfang starfs eða ábyrgð breyst getur starfsmaður sótt um endurskoðun á starfsmati sínu.

Hæfnismat: Til viðbótar starfsmati eru veitt stig í hæfnismati vegna menntunar og reynslu sem nýtist í starfi og er umfram það sem starfið krefst.

1. Menntun sem nýtist í starfi og er umfram þær kröfur sem gerðar eru til starfsins samkvæmt starfsmati.

a) Formlegt nám

- | | |
|------------------------------------|---------|
| • Iðnnám | 10 stig |
| • Diplómanám – 90 einingar | 25 stig |
| • Háskólapróf BA/BS – 180 einingar | 50 stig |
| • Háskólapróf MA/MS eða sambæril. | 90 stig |

Handwritten signature and initials in blue ink.

b) Annað nám á háskólastigi

Stakar einingar sem ekki hafa þegar verið metnar í formlegu háskólanámi. Hverjar 10 einingar eru metnar til 2 stiga, allt að 90 einingum (18 stig að hámarki).

c) Starfsnám/símenntun

- Námskeið: að lágmarki 30 klst. 2 stig
- Nám, allt að 60 klst. 4 stig
- Nám, allt að 120 klst. 8 stig
- Nám, allt að 200 klst. 16 stig

Að jafnaði skal ekki meta starfsnám/símenntun sem er eldra en tíu ára

2. Fyrri reynsla, sem nýtist í starfi og er umfram þær kröfur sem gerðar eru til starfsins samkvæmt starfsmati.

Við upphaf ráðningar skal meta fyrri starfsreynslu sem nýtist í starfi, hvert ár er metið til 4 stiga. Samanlögð stig úr starfs- og hæfnismati eru 32 stig alls.

Ársmat

Ársmat er gert árlega fyrir 1. september og fá allir starfsmenn 7 stig á ári. Ársmat gildir einungis fyrir starfsmenn sem voru í starfi 1. janúar það ár. Breytingar á röðun í launaflokka á grundvelli árs mats taka gildi 1. september ár hvert.

Röðun í launaflokka byggist á uppsöfnuðum stigum úr starfs-, hæfnis- og árs mati.

Frá 1. janúar 2015 raðast störf inn í launatöflu skv. eftirfarandi:

Stig	Launafl.		Stig	Launafl.
160	11		370	26
170	12		400	27
180	13		430	28
190	14		460	29
200	15		500	30
210	16		540	31
220	17		580	32
230	18		620	33
240	19		660	34
250	20		700	35
260	21		750	36
280	22		800	37
300	23		850	38
320	24		900	39
340	25			

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "VEO" and "EGB".

3.2. Réttur til endurmats

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við ofangreindar forsendur um röðun á hann rétt á að fá forsendur röðunar sinnar gefnar upp og rökstuddar, sem og endurmetnar ef ástæða þykir til. Ágreiningsmálum skal vísað til samstarfsnefndar skv. ákvæði í gr. 11.5. í kjarasamningi félagsins við ríkið.

3.3. Starfaflokkar

Störf á Landsbókasafni flokkast á eftirfarandi hátt:

Bókavörður:

Bókavörður þjónustar safngesti eða vinnur við aðföng. Starfsmat er að lágmarki 160 stig.

Aðstoðarmaður:

Vinnur við hlið fagstjóra að verkefnum sem krefjast góðrar verkunnáttu og sjálfstæðis. Starfsmat er að lágmarki 215 stig.

Sérfræðingur:

Sérfræðingur starfar að verkefnum sem krefjast faglegrar hæfni og sérþekkingar. Hann vinnur að stórum hluta sjálfstætt við úrlausn þeirra. Starfsmat er að lágmarki 240 stig.

Fagstjóri:

Fagstjóri starfar að verkefnum sem krefjast faglegrar hæfni og sérþekkingar og annast faglega ráðgjöf. Fagstjóri stýrir faghópi, vinnur að og skipuleggur verkefnaáætlanir í samráði við viðkomandi yfirmann. Starfsmat er að lágmarki 370 stig.

4. Hækkanir samkvæmt þessum samningi

Samningsaðilar eru sammála um eftirfarandi breytingar á röðun í launaflokka:

- 01.03.2014 hækka allir félagsmenn SFR um einn launaflokk
- 01.01.2015 breytist vörpun stiga í starfsmati skv. ofangreindri töflu

1. Gildistími og endurskoðun

Stofnanasamningur þessi gildir frá 1. mars 2014.

Endurskoða skal samninginn í samræmi við 11. kafla kjarasamnings SFR og fjármálaráðherra.

Reykjavík, 30. janúar 2015

F.h. Landsbókasafns Íslands-
Háskólabókasafns

Vigdís Edda Jónsdóttir
Ella Þ. Þórunn

F. h. SFR - stéttarfélag í almannapjónustu

Lárus H. Viðhjálmsdóttir
Kjötur Danielsson

